

Myndlist Myndlist

KÖLD NEKT

Sýning Guðmundar Björgvinssonar að Kjarvalsstöðum





Guðmundur Björgvinsson — Sjálfsmynd milli stafs og hurðar.

Þeir eru ekki ýkja margir myndlistarmennirnir hér á landi sem fást við að opinbera listræn sannleikskorn með raunsærri túlkun á mannslíkamanum, nöktum sem fullklæddum. Einn þeirra er Guðmundur Björgvinsson sem fyrst vakti á sér athygli með sýningu í kjallara Norræna hússins árið 1978 og sýnir nú verk sín að Kjarvalsstöðum til sunnudagskvölds. Í Norræna húsinu virtist Guðmundur hafa markað sér stefnu af óvenjulegri festu, — konulíkaminn var yrkisefnið og pastel miðillinn. Þeim kúrs heldur hann á þessari sýningu, en með frávikum þó, aðallega portrettmyndum, svo og kvikum formyndum eða stúdíum gerðum með tússi eða prentlitum, en myndir af því tagi sýndi Guðmundur á haustsýningu FÍM fyrir stuttu.

Svartigaldur

Það hefur sjálfsagt mátt nálgast þessar pastelmyndir Guðmundar út frá fleirum en einu sjónarhorni, — t. d. sem formkönnun, eða erótíska hyllingu. En á þessari sýningu kemur í ljós að svo einfaldar skýringar nægja ekki í öllum tilvikum. Þótt naktar konur engist sundur og saman í myndum hans, þar séu kvenbrjóst, bakhlutar og læri, jafnvel völsi í stærra lagi, þá andar einkennilega köldu frá þessum efnivið, öll ástúð og girnd eru víðs fjarri og áhorfandinn fær það sterklega á tilfinninguna að hann sé hér viðstaddur formfast kynferðislegt ritúal eða svartagaldur fremur en hyllingu holdsins. Þetta gera m.a. þeir litir sem Guðmundur heldur mest upp á, — stálgráir eða grábláir, með stöku sterkrauðu ívafi. Heiti margra myndanna benda ennfremur til þess að þeim sé ætlað að vera boðberar ákveðinna hugmynda um lífið og tilveruna, fremur en lífsnautnarinnar einskærrar. Myndir af því tagi eru t.d. Samruni kynþáttanna, Móðir náttúra, myndþrennan Mátturinn og dýrðin, Bláköld bernskan o.fl.

Á sviði

En í þeim er það oft svo að annaðhvort er hin myndræna úrvinnsla of langsótt eða of augljós og betur kann ég við það þegar Guðmundur fjallar um ýmsar tilfinningar sem þorri manna hefur kynnst af eigin raun, einsemd, örvæntingu, kvíða, ótta, og þar er helst að geta mynda nr. 32—40, sérílagi ,,sviðsmyndanna'' af drengjum í ham. Mér skilst að bræður tveir „túlki" svo þær myndir einhvern tímann á sýningartímanum, sem ætti eiginlega að vera óþarfi. Guðmundur gerir margt vel, tekst t.d. að byggja upp ljóðræn augnablik í myndum, sjá nr. 8 og 9, nr. 6 (Það var vor. . .), en samt er eins og öll nákvæmnin laði ekki að, þegar öll kurl eru komin til grafar. Leikni listamannsins í notkun pastellita hefur enn aukist frá því 1978, t.d. eru myndir þær sem hann gerir eftir ljósmyndum af þekktu fólki oft sláandi. Þó gætir enn vanmáttar í myndum sem virðast teiknaðar eftir lifandi fyrirsætum, útlínur gerast þá óþarflega harðar.

Prentlita- og tússmyndirnar eru allt annar kapítuli á sýningunni og fór stórum betur í mig heldur en ofurraunsæið. Þar virðist Guðmundur leika af fingrum fram, leggja drög að mannamyndum, hressa upp á minnið, æfa sig í myndbyggingu, en alltaf án þess að gefa of mikið í skyn. Þar gefst okkur tækifæri til að geta í eyðurnar, gerast þátttakendur í sköpuninni. Það er ekki lítils virði.

-AI.

Ásmundur og Karl Reykjavíkurmeistarar

Reykjavíkurmótið í tvímenningi var spilað um sl. helgi. Sigurvegarar með miklum yfirburðum urðu þeir Ásmundur Pálsson og Karl Sigurhjartarson og má segja að þeir hafi leitt alla keppnina. Efstu pör urðu annars þessi:

1. Ásmundur Pálsson, Karl Sigurhjartarson	335
2. Guðm Hermannsson, Sævar Þorbjörnss	205
3. Jón Ásbjörnsson, Simon Simonarson	159
4. Guðm. Páll Arnarson, Sverrir Ármannsson	157
5. Jón Baldursson, Valur Sigurðsson	68
6. Eirikur Jónsson, Páll Valdimarsson	64

Eins og undanfarin ár voru spilin tölvugefin og mikið af skiptingarspilum. Verða nú sýnd nokkur spil frá keppninni.

Hér er spil nr. 1.

Norður
♠ Á9643
♡ 8
♢ ÁK854
♣ 76

Vestur
♠ K52
♡ 1075
♢ G3
♣ G9532

Austur
♠ DG1087
♡ G96
♢ 107
♣ 1084

Suður
♠ enginn
♡ ÁKD432
♢ D962
♣ ÁKD

Mörgum þótti sem tölvan hefði brugðizt í þessu spili. Því að nokkrir spiluðu sjö hjörtu eða sjö grönd á þessi spil og unnu af því að hjartað féll þrjú og þrjú, þó svo að flestir spiluðu sjö tígla, sem ar rétti samningurinn. Gaf það aðeins meðalskor.

Hér kemur spil nr. 2.

Norður
♠ 84
♡ ÁK94
♢ ÁK84
♣ 1073

Vestur
♠ 932
♡ 3
♢ D72
♣ KD8642

Austur
♠ 76
♡ 872
♢ 10963
♣ ÁG95

Suður
♠ ÁKDG105
♡ DG1065
♢ G5
♣ ekkert

Aðeins fjögur pör af fjórtán náðu þessari upplögðu alslemmu. Það væri rétt fyrir þig að segja á þessi spil með félaga þínum og athuga hvort þú næðir sjö á þessi spil.

Þá er komið að 3. spilinu.

Norður
♠ ÁDG87
♡ Á
♢ 85
♣ KG984

Vestur
♠ 10962
♡ 8762
♢ K
♣ ÁD103

Austur
♠ K43
♡ KDG953
♢ G10
♣ 62

Suður
♠ 5
♡ 104
♢ ÁD976432
♣ 75

Eins og sést var mikið af skiptingarspilunum og á þetta spil var spilað allt upp í sex tígla doblaða og unna. Þeir vinnast með því að taka tígulkóng einspil.

Þá kemur hér lokaspilið.

Norður
♠ D6
♡ Á
♢ KG974
♣ ÁK753

Vestur
♠ ÁG973
♡ D832
♢ 652
♣ 6

Austur
♠ K1042
♡ G10765
♢ 83
♣ 109

Suður
♠ 85
♡ K94
♢ ÁD10
♣ DG842

Mjög margir fóru í 6 lauf á þessi spil og er ekki hægt að segja að sagntækin sé þá á háu stigi en heppnin var með þeim mörgum því að þau unnust á flestum borðum.

Frá Bridgedeild Breiðfirðinga

Þegar eitt kvöld er eftir í Butlerkeppni félagsins er staðan þessi:

1. Kristján Ólafsson, Runólfur Sigurðsson	444
2. Albert Þorsteinsson, Sigurður Emilsson	440
3. Magnús Oddsson, Þorsteinn Laufdal	419
4. Jón Stefánsson, Ólafur Ingimundarson	412
5. Kristín Þórðardóttir, Jón Pálsson	409
6. Ester Jakobsdóttir, Erla Sigurjónsdóttir	406
7. Ingibjörg Halldórsd., Sigvaldi Þorsteinsson	397
8. Guðjón Kristjánsson, Þorvaldur Matthíasson	397
9. Böðvar Guðmundsson, Ólafur Gíslason	396
10. Gísli Víglundsson, Þórarinn Árnason	391

Lokaumferðin verður spiluð nk. fimmtudag og hefst kl. 19.30, spilað er í Hreyfilshúsinu við Grensásveg.

Frá Bridgefélagi Reykjavíkur

Staðan í sveitakeppni félagsins að loknum 10 umferðum af 13 er þessi:

1. Sveit Sævar Þorbjörnssonar	142
2. Sveit Samvinnuferða	139
3. Sveit Hjalta Eliassonar	129
4. Sveit Jóns Þorvarðarsonar	125
5. Sveit Sigurðar B. Þorsteinssonar	124
6. Sveit Karls Sigurhjartarsonar	115

Næst verður spilað nk. miðvikudag í Domus Medica og hefst kl. 19.30.

Tafl- og bridgeklúbburinn

Fimmtudaginn 27. nóvember hófst þriggja kvölda tvímenningur hjá félaginu. Spilað er með Butler fyrirkomulagi. Spilað er í tveimur 14 para riðlum. Sex efstu pör eftir fyrsta kvöldið eru þessi:

1.-2. Bragi Jónsson, Rafn Kristinsson	65
1.-2. Valur Sigurðsson, Páll Valdimarsson	65
3. Orwell Outly, Hermann Lárusson	61
4. Ingólfur Böðvarsson, Guðjón Ottósson	51
5. Vilhjálmur Pálsson, Dagbjartur Pálsson	48
6. Sigurður Steingrímsson, Gísli Steingrímss.	45

Fimmtudaginn 4. desember verður spiluð fimmta umferð í Butler tvímenningskeppninni. Spilarar mæti kl. 19.10 stundvíslega. Spilað er í Domus Medica.

Bridgedeild Skagfirðinga

Fjórða umferð tvímenningskeppni Skagfirðinga var spiluð í Drangey, Síðumúla 35, síðastliðinn þriðjudag.

Í efstu sætum eru nú:

1. Bjarni Pétursson, Ragnar Björnsson	504
2. Jón Stefánsson, Þorsteinn Laufdal	497
3. Björn Eggertsson, Karl Adolfsson	483
4. Guðrún Hinriksdóttir, Haukur Hannesson	467
5. Andrés Þórarinsson, Hjálmar Pálsson	467
6. Hjalti Kristjánsson, Ragnar Hjálmarsson	462
7. Sigmar Jónsson, Sigrún Pétursdóttir	450
8. Jón Hermannsson, Ragnar Hansen	449

Lokaumferðin verður spiluð á sama stað þriðjudaginn 2. desember.

Bridgefélag Kópavogs

Fjórða og næstsíðasta umferðin í hraðsveitakeppninni var spiluð fimmtudaginn 18. nóv.

Beztum árangri kvöldsins náðu þessar sveitir:

Bjarni Pétursson	778
Sigurður Vilhjálmsson	702
Sigríður Rögnvaldsdóttir	699
meðalskor 648 stig	

Staða efstu sveita er þessi:

1. Rúnar Magnússon	2746
2. Ármann J. Lárusson	2739
3. Jón Þorvarðarson	2736
4. Sigurður Vilhjálmsson	2693
5. Jón Andrésson	2685
6. Sverrir Þórisson	2627
Meðalskor 2592 stig	

Bridgedeild Barðstrendingafélagsins

4. umferð í hraðsveitakeppninni var spiluð í Domus Medica mánudaginn 24. nóvember. Staða 6 efstu sveita er nú þannig:

1. Ragnar Björnsson	1858
2. Óli Valdimarsson	1843
3. Ágústa Jónsdóttir	1791
4. Viðar Guðmundsson	1774
5. Baldur Guðmundsson	1742
6. Gunnlaugur Þorsteinsson	1736

Frá Bridgefélagi Vestmannaeyja

Um síðustu helgi var spilað hér í Eyjum tvímenningskeppni Suðurlands 1980. Alls tóku 14 pör þátt í keppninni, sex frá Vestmannaeyjum, fjögur frá Laugarvatni, þrjú frá Selfossi og frá Bridgefélagi Reykjavíkur kepptu sem gestir þeir Jakob Möller og Hrólfur Hjaltason.

Byrjað var á spilamennskunni á föstudagskvöld og spilaðar fimm umferðir það kvöld. Að þeim fimm umferðum loknum voru Vestmannaeyingarnir Jón Hauksson og Pálmi Lórensson efstir en á hæla þeim fylgdu Selfyssingarnir Sigfús og Vilhjálmur. Hafizt var handa um spilamennsku kl. 10 á laugardagsmorgun enda var stefnt að því að ljúka mótinu fyrir kvöldmat, sem og tókst. Þeir Jón og Pálmi héldu forystunni allt þangað til þrjár umferðir voru eftir, þá sigu Sigfús og Vilhjálmur fram úr og sigruðu nokkuð örugglega. En lokastaðan varð þessi (meðalskor 546):

1. Sigfús Þórðarson — Vilhjálmur Pálsson (Bridgefélag Selfoss)	682
2. Jón Hauksson — Pálmi Lórensson (Bridgefélag Vestmannaeyja)	653
3. Sigurgeir Jónsson — Bjarnhéðinn Elíass. (Bridgefélag Vestmannaeyja)	597
4. Jakob Möller — Hrólfur Hjaltason (Bridgefélag Reykjavíkur)	565
5. Haukur Guðjónsson — Þorleifur Sigurlass. (Bridgefélag Vestmannaeyja)	561
6. Leif Österby — Brynjólfur Gestsson (Bridgefélag Selfoss)	552
7. Helgi Bergvinsson — Hjálmar Þorleifsson (Bridgefélag Vestmannaeyja)	547

Aðrir keppendur náðu ekki meðalskor. Laugvetningar blönduðu sér ekki í keppnina um efstu sætin að þessu sinni en árangur Vestmanneyinga hefur sjaldan eða aldrei verið betri, eða fjögur af sjö efstu sætum. Þó hefur líklega ekkert komið eins á óvart og árangur þeirra Sigurgeirs og Bjarnhéðins sem hrepptu þriðja sætið án mikillar fyrirhafnar. Þetta er því athyglisverðara þar sem hvorugur þeirra hefur verið mjög áberandi hvað efstu sæti varðar í keppni hingað til og hafa þeir raunar ekki spilað saman í keppni í allmörg ár. Hallast menn helzt að því að ástæðan fyrir þessari velgengni þeirra sé sú að þeir mættu til leiks með spánýtt kerfi sem reyndist prýðilega í alla staði, þrátt fyrir að vera mjög einfalt í sniðum. Gengur kerfið undir nafninu ,,Matsstöðvartígullinn'' og þykir líklegt til vinsælda.

Keppnisstjóri í þessu móti var Sigurjón Tryggvason frá Reykjavík og rækti hann sitt hlutverk með prýði.

Nú er hálfnuð aðalsveitakeppni Bridgefélags Vestmannaeyja en þar er spilað tvöföld umferð með þátttöku sex sveita. Eftir fjórar umferðir er staðan þessi:

1. Sveit Valgeirs Kristinssonar	62
2. Sveit Gestgjafans	48
3. Sveit Sveins Magnússonar	43
4. Sveit Guðlaugs Stefánssonar	23
5. Sveit Friðþjófs Mássonar	21
6. Sveit Einars Friðþjófssonar	15

Tvær síðustu sveitirnar eiga einn leik til góða þannig að stigatala þeirra getur breytzt. Sveit Valgeirs skipa auk hans þeir Anton Bjarnason, Gunnar Kristinsson, Magnús Grímsson, Ragnar Helgason og Sigurgeir Jónsson. Sveit Gestgjafans skipa þau Hilmar Rósmundsson, Jakobína Guðlaugsdóttir, Jón Hauksson, Pálmi Lórensson og Sigfús Sveinsson. Og sveit Sveins Magnússonar skipa auk hans þeir Benedikt Ragnarsson, Bjarnhéðinn Elíasson og Leifur Ársælsson.

Bridgefélag Breiðholts

Þriðjudaginn 25. nóv. lauk þriggja kvölda hraðsveitakeppni félagsins með sigri sveitar Baldurs Bjartmarssonar sem hlaut 1383 stig. Í sveit Baldurs voru þessi auk Baldurs: Rafn Kristjánsson, Sigríður Rögnvaldsdóttir og Hannes Jónsson. Næst komu:

Sveit Bergs Ingimundarsonar	1308
Sveit Ólafs Garðarssonar	1285
Meðalskor 1296	

Næstu þriðjudaga verða spilaðir eins kvölds tvímenningar og er allt spilafólk velkomið meðan húsrúm leyfir. Spilað er í húsi Kjöts og fisks, Seljabraut 54 kl. hálfátta stundvíslega. Keppnisstjóri er Hermann Lárusson.